



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið

Málsnr.: R13060019  
Skjalasafn Ráðhúss  
14. nóv. 2014  
Bréfalykill: 100

Reykjavík, 13. nóvember 2014  
SFS2013020118  
0.2  
VJ/gs/et

Ráðhús Reykjavíkur  
Forsætinefnd  
b.t. Helgu B. Laxdal

***Efni: Tillaga að breytingum á samþykkt skóla- og frístundaráðs varðandi áheyrn Reykjavíkurráðs ungmenna***

Vísað er til erindis skrifstofu borgarstjórnar, dags. 6. október sl., þar sem óskað er eftir að skóla- og frístundasvið vinni tillögu að breytingum á samþykkt skóla- og frístundaráðs varðandi áheyrn Reykjavíkurráðs ungmenna í skóla- og frístundaráði.


Með vísan til framangreinds leggur skóla- og frístundasvið til að gerð verði breyting á 3. mgr. 4. gr. samþykktar fyrir skóla- og frístundaráð sem nú er svohljóðandi:

Fulltrúar skólastjóra í leik- og grunnskólum, kennara í grunnskólum, starfsmanna í leikskólum og foreldra í leik- og grunnskólum eiga rétt til setu á fundum ráðsins með málfrelsi og tillögurétti. Fulltrúi stjórnenda frístundamiðstöðva á einnig rétt til setu á fundum ráðsins með málfrelsi og tillögurétti.

Lagt er til að 3. mgr. 4. gr. verði breytt með þeim hætti að bætt verði við orðunum "og fulltrúi Reykjavíkurráðs ungmenna" í 2. másl. á eftir orðunum Fulltrúi stjórnenda frístundamiðstöðva. Jafnframt verði orðinu "á " breytt í "eiga" í 2. másl. 3. mgr. 4. gr.

Eftir breytingu verði 3. mgr. 4. gr. samþykktar fyrir skóla- og frístundaráð svohljóðandi:  
Fulltrúar skólastjóra í leik- og grunnskólum, kennara í grunnskólum, starfsmanna í leikskólum og foreldra í leik- og grunnskólum eiga rétt til setu á fundum ráðsins með málfrelsi og tillögurétti. Fulltrúi stjórnenda frístundamiðstöðva og fulltrúi Reykjavíkurráðs ungmenna eiga einnig rétt til setu á fundum ráðsins með málfrelsi og tillögurétti.

Virðingarfyllst

  
Valgerður Janásdóttir  
staðgengill sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs